

Kærunefnd útlendingamála

Verklagsreglur varðandi greinargerðarfresti – alþjóðleg vernd

Desember 2024

1. Almennt

Frestur til að kæra ákvörðun Útlendingastofnunar til kærunefndar útlendingamála er almennt 15 dagar frá birtingu ákvörðunarinnar. Ef umsækjandi er frá öruggu upprunaríki og Útlendingastofnun hefur afgreitt málið sem forgangsmál er kærufrestur þó fimm dagar. Ákvörðun Útlendingastofnunar um synjun á efnismeðferð á grundvelli 36. gr. sætir sjálfkrafa kæru til kærunefndar útlendingamála nema umsækjandi óski þess sérstaklega að kæra ekki og skal greinargerð vegna kæru berast kærunefnd innan 14 daga frá birtingu ákvörðunarinnar.

Lög um útlendinga mæla ekki fyrir um rétt kæranda til að fá tiltekinn frest til að skila greinargerð, að undanskildum 14 daga fresti vegna sjálfkrafa kæru í tilefni af synjun á efnismeðferð, en þó er ljóst að kæranda er heimilt að leggja fram viðbótargögn sem taka skal tillit til á meðan mál er til meðferðar hjá kærunefnd.

Kærunefnd hefur veitt kærendum fresti til að skila greinargerðum. Hafi greinargerð ekki verið skilað innan frests verður mál að jafnaði tekið til úrskurðar á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

2. Frestir til að skila greinargerð

Frestir til að skila greinargerðum eru almennt eins og hér segir:

- | | |
|---|----------------------------------|
| • Efnismeðferð skv. 37. gr.: | tvær vikur |
| • Mál afgreidd skv. 1. mgr. 36. gr.: | 14 dagar frá birtingu ákvörðunar |
| • Mál frá öruggum upprunaríkjum sem Útlendingastofnun hefur afgreitt sem forgangsmál: | 5 dagar |
| • Beiðni um frestun réttaráhrifa: | enginn frestur veittur |
| • Endurtekin umsókn: | enginn frestur veittur |
| • Kæra á frávísun ÚTL á endurtekinni umsókn: | enginn frestur veittur |

Hægt er að koma að viðbótarupplýsingum og gögnum meðan á málsmeðferðinni stendur.

Heimilt er að veita viðbótargreinargerðarfrest um allt að eina viku í viðbót vegna neðangreindra aðstæðna:

- Veikinda talsmanns eða óhjákvæmilegrar fjarveru hans meðan á greinargerðarfresti stendur og ekki er unnt að fela öðrum talsmanni að skila greinargerð.
- Réttindi kæranda kunnri að fara forgörðum ef viðbótarfrestur er ekki veittur.

Beiðni um viðbótarfrest skal rökstudd skriflega með vísan til ofangreinds. Beiðni um viðbótarfrest sem ekki er rökstudd verður hafnað.

Kærunefnd kann að veita skemmri frest til skila á greinargerð en koma fram hér að ofan ef hættu er á að máli ljúki ekki fyrir þá fresti sem lög um útlendinga kveða á um, sbr. m.a. 4. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 74. gr. laganna. Við ákvörðun um lengd slíkra fresta er litið til brýnna hagsmuna kæranda.